

Samráðsáætlun

Rammaskipulag á vestanverðu Kársnesi

A1670-009-U02

Dags. 09.05.2024

Samráðsáætlun

- **Tveir samráðsfundir** verða haldnir sem hluti af vinnu við rammaskipulag fyrir vestanvert Kársnes.
- **Markmið fundanna** er að:
 - Virkja íbúa og atvinnurekendur á svæðinu
 - Gefa þeim tækifæri til þess að koma að mótun rammaskipulagsins.
- **Tilhögun funda:**
 - Annar fundurinn er samráðsfundur samhliða auglýsingu skipulagslýsingu.
 - Hinn fundurinn er svo kynning á vinnslutillögu rammahlutans í haust.

Samráðsfundur 23. maí - Nútíð og framtíð vestanvers Kársness til umræðu

- **Markmið fundarins** er að:
 - Fræða og heyra sýn íbúa og atvinnurekenda fyrir vestanvert Kársnes.
 - Efnið verður nýtt við að móta tillögur að markmiðum og efni rammaskipulags.
- **Upplegg fundar:**
 - *Kynningar hjá Alta:*
 - Á fundinum verður fjallað um **hlutverk rammaskipulags og skipulagsferlið** sem nú er yfirstandandi.
 - **Kársnesi í nútíð** verður lýst og sagt frá greiningum á umhverfi og helstu sérkennum, styrkleikum og tækifærum (svæðisgreining).
 - Loks verður fjallað um **Kársnes í framtíð** og sagt frá drögum að markmiðum fyrir Kársnes sem snúast um að Kársnes verði:
 - **Einstakt**
 - **Aðgengilegt**
 - **Eftirsóknarvert**
 - **Öflugt**
 - *Umræðuhluti - Alta stýrir*
 - *Þar verður rætt um þessi viðfangsefni og eftirfarandi spurningar:*
 - **Einstakt Kársnes:** *Hvað er einstakt við svæðið í dag og hvernig hefur það áhrif á framtíðarskipulag svæðis?*
 - **Aðgengilegt Kársnes:** *Hvernig gerum við svæðið gönguvænt og aðgengilegt fyrir alla ferðamáta?*
 - **Eftirsóknarvert Kársnes:** *Hvernig gerum við svæðið að eftirsóknarverðum áfangastað fyrir gesti og íbúa ?*
 - **Öflugt Kársnes:** *Hvernig búum við sem best að núverandi og nýrri atvinnustarfsemi á svæðinu ?*